

Ed. 496. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Ráðherra er heimilt að ákveða tímabundna greiðslu úr verðjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva, sem reistar kunna að verða utan Faxaflóa, ef ætla má, að flutningur olíu og benzíns á viðkomandi svæði verði ódýrari með því. Greiðsla þessi, að viðbættum flutningskostnaði til annarra útsölustaða, má þó ekki fara fram úr kostnaði þeim, sem mundi verða greiddur vegna flutnings frá innflutningsstöðum við Faxaflóa.

Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförunum árum hafa flutningar á olíu frá innflutningshöfnum við Faxaflóa út á land farið mjög vaxandi. Sérstaklega hafa flutningar til Austfjarða aukizt mikið í sambandi við auknar síldveiðar og síldarvinnslu í þeim landshluta. Jafnframt hefur sala á olíu til húsaýndinga í Reykjavík farið minnkandi vegna stækkunnar hitaveitunnar.

Tímabært virðist að stuðla að því, að komið verði á fót innflutningsgeymi eða geymum fyrir olíu á Austfjörðum og e. t. v. á Norðurlandi. Í frumvarpinu felst, að ráðherra geti ákveðið, að úr verðjöfnunarsjóði megi greiða fé til reksturs slíkra geyma um takmarkaðan tíma. Slíkar greiðslur ásamt flutningskostnaði til annarra útsölustaða mega þó aldrei vera hærri en það, sem greitt yrði fyrir flutning olíunnar á viðkomandi svæði frá innflutningshöfn við Faxaflóa samkvæmt gildandi reglum. Má gera ráð fyrir, að með þessu yrðu flutningarnir ódýrari, og aukið öryggi er samfara því að hafa birgðastöðvar á stærstu notkunarsvæðum.